

Mánudagurinn 23. mars 1998 kl. 12:15

109. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 10/1998

**Kvörtun Kassagerðar Reykjavíkur hf. yfir innflutningi,
dreifingu og sölu umbúða á vegum Íspakks ehf.**

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 13. nóvember 1997, óskar Ragnar Halldór Hall hrl., fyrir hönd Kassagerðar Reykjavíkur hf., þess að Samkeppnisstofnun grípi til aðgerða til að kanna umfang og stöðva innflutning, dreifingu og sölu á umbúðum sem Íspakk ehf., Sundaborg 7, Reykjavík selur hér á landi. Umbúðirnar eru sagðar eftirlíking umbúða Kassagerðarinnar, beri viðskiptamannsnúmer Kassagerðarinnar hjá þýska fyrirtækinu RESY og beri jafnframt merki þess fyrirtækis.

Málavextir eru þeir að Kassagerðin hefur gert samning við þýska endurvinnslufyrirtækið, RESY – Organisation für Wertstoffentsorgung GmbH – og greiðir því fyrir að taka við umbúðum Kassagerðarinnar í Þýskalandi til endurvinnslu. Samningurinn á að tryggja viðskiptavinum Kassagerðarinnar förgun umbúðanna án kostnaðar. Í samningnum er kveðið á um að umbúðirnar þurfi að vera auðkenndar með merki hins þýska fyrirtækis og viðskiptamannsnúmeri Kassagerðarinnar. Án þessara merkinga fengjust vörur, í umbúðum frá Kassagerð Reykjavíkur, ekki tollafgreiddar í Þýskalandi.

Í erindinu segir:

„Í ljós hefur komið að á markaði hér á landi eru nú umbúðir, sem eru eftirlíking af tilteknum framleiðsluvörum Kassagerðar Reykjavíkur hf. og eru ekki með merki hennar en eru með merki þýska fyrirtækisins RESY og viðskiptamannanúmeri Kassagerðar Reykjavíkur hf., 4352. Slíkar umbúðir hafa t.d. sést hjá Sjólastöðinni hf., Hafnarfirði, sem mun hafa keypt þær hjá Íspakk ehf.

Með sölu og dreifingu slíkra umbúða er ekki aðeins verið að brjóta gegn vörumerkisrétti hins þýska fyrirtækis, heldur eru umbúðir þessar auðkenndar þannig að Kassagerð Reykjavíkur hf. verður krafín gjalds fyrir endurvinnslu þeirra, ef kaupendur umbúðanna koma þeim í endurvinnslu í Þýskalandi.“

Þá segir í erindinu:

„Er þess krafist með vísan til 51. gr., sbr. 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 að samkeppnisráð leggi bann við sölu og dreifingu á vörum sem framangreind lýsing kann að eiga við og mæli fyrir um eyðileggingu birgða af slíkum vörum þar sem þær kunna að finnast, eftir atvikum að viðlögðum dagsektum.“

Með erindinu fylgdu gögn sem varða samning Kassagerðarinnar við hið þýska fyrirtæki.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi Kassagerðar Reykjavíkur var sent Íspakki til umsagnar, hinn 25. nóvember 1997. Svar Eggerts Ólafssonar hdl., lögmanns Íspakks, er dags. 8. desember sl.

Þar kemur fram að fyrirtækið hafi látið framleiða í Bandaríkjunum 50.000 umbúðir af sömu stærð og gerð og Kassagerðin hafði áður selt Sjólastöðinni. Fyrir mistök hafi hinn bandaríski framleiðandi sett á umbúðirnar RESY númer Kassagerðarinnar í þeirri trú að um væri að ræða númer sem tengdist Sjólastöðinni. Ráðstafanir hafi þegar verið gerðar til þess að þetta endurtaki sig ekki.

Umbúðirnar hafi verið notaðar utan um frystan fisk sem eingöngu hafi verið seldur á Bandaríkjamarkað, en Sjólastöðin selur allar afurðir sínar þangað. Fjárhagslegt tjón Kassagerðarinnar sé því ekkert. Umbúðirnar munu að mestu vera uppunar.

Þá segir í umsögninni:

„Þá er því við að bæta að varla verður RESY númer talið vörumerki og nýtur þar af leiðandi ekki vörumerkjaverndar og þá verður ekki séð eins og mál þetta er vaxið að brotið hafi verið gegn verndarandlagi 25. gr. samkeppnislaga.

Ennfremur verður ekki á það fallist að tilvísun í 20. gr. samkeppnislaga eigi við; greinin er vísiregla sem fyrst og fremst er ætluð til fyllingar við túlkun þeirra greina VI. kafla samkeppnislaganna, sem ætlað er að vernda neytendur. Ég hygg að Kassagerðin hf. verði seint talin neytandi í skilningi VI. kafla samkeppnislaga. Þvert á móti eru Kassagerðin hf. og Íspakk ehf. keppinautar.

Að því er varðar kröfu Kassagerðarinnar hf. um að Samkeppnisstofnun mæli fyrir um eyðileggingu umbúðanna þá verður ekki séð að Samkeppnisstofnun hafi heimild til slíkra fyrirmæla, þar að auki, eins og fyrr segir, munu umbúðirnar að mestu uppunar og ofangreind mistök hafa ekki skaðað Kassagerðina hf.“

2.

Í athugasemdum Kassagerðarinnar við framangreindu bréfi, sem dags. er 24. janúar sl., segir að bréf Íspakks sýni að kvörtun Kassagerðarinnar sé á rökum reist. Full ástæða sé til þess að Samkeppnisstofnun kanni nánar hvort Íspakk hafi hlutast til um framleiðslu eftirlíkinga af framleiðsluvörum Kassagerðarinnar fyrir fleiri aðila en Sjólastöðina.

Þá segir í bréfinu:

„Í bréfi lögmannsins kemur fram að gerðar hafi verið ráðstafanir til að „þetta endurtaki sig ekki“. Ekkert liggur fyrir um það í hverju þær ráðstafanir voru fólgnar, en ummælin benda til þess að stöðugt sé verið að framleiða umbúðir sem eru eftirlíkingar af framleiðslu umbjóðanda míns. Það er því alsendis óviðunandi að Íspakk ehf. geti komist upp með að afgreiða þetta tilvik sem einangrað fyrirbæri meðan umbjóðandi minn getur ekki beinlínis sannað önnur sambærileg tilvik.

Ég mótmæli sjónarmiðum lögmannsins um að í umræddu tilviki hafi ekki verið brotið gegn verndarandlagi 25. gr. samkeppnislaga. Útfærsla RESY-merkingarinnar með tilheyrandi númeri er án nokkurs vafa varin af þessu lagaákvæði, og gegn henni hefur verið brotið í umræddu tilviki.

Lögmaðurinn heldur því fram að umrædd „mistök“ hafi ekki skaðað umbjóðanda minn. Umbj.m. bendir á að þetta framferði Íspakks ehf. er til þess fallið að valda honum tjóni, en hann er ekki í aðstöðu til að ganga úr skugga um hvort hann hefur beðið tjón af því. Hann sættir sig ekki við það að Íspakk ehf. skuli sjálft eiga að meta það hvort hann hafi beðið tjón af brotum þess fyrirtækis á samkeppnislögum. Kröfur Kassagerðarinnar eru því ítrekaðar.“

3.

Bréf Kassagerðarinnar var sent Íspakki til umsagnar, en fyrirtækið sá ekki ástæðu til að gera athugasemdir.

III.

Niðurstöður

1.

Í máli þessu kvartar Kassagerð Reykjavíkur yfir því að Íspakk hafi látið framleiða umbúðir með merki þýska fyrirtækisins RESY og viðskiptamannsnúmeri Kassagerðarinnar hjá því fyrirtæki og selt umbúðirnar til Sjólastöðvarinnar. Sjólastöðin hafði áður keypt samskonar umbúðir hjá Kassagerðinni. Íspakk lét framleiða umbúðirnar í Bandaríkjunum og hefur framleiðandinn merkt umbúðirnar á framangreindan hátt. RESY er endurvinnslufyrirtæki í Þýskalandi og er Kassagerðin krafin greiðslu fyrir endurvinnslu umbúða í Þýskalandi, sem merktar eru þeirra viðskiptamannsnúmeri. Kvartandi telur að framangreind háttsemi Íspakks sé brot á 20. gr. samkeppnislaga, með vísan til 51. gr. sömu laga. Þá telur kvartandi að RESY merkingin á umbúðunum, með tilheyrandi númeri, njóti verndar 25. gr. samkeppnislaga, sem einnig hafi verið brotin.

Að mati samkeppnisráðs koma 20. gr. og 1. ml. 25. gr. samkeppnislaga til álita í máli þessu:

20. gr. hljóðar svo:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

1. ml. 25. gr., hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.“

2.

Eins og fram kemur í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 39/1997, kvörtun stimplagerðinnar Roða sf., má m.a. af 20. gr. samkeppnislaga ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi. Fyrirtækjum er þannig uppálagt að viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Ekki hefur verið talið unnt að tilgreina fyrirfram í lögum hvað telja beri góða viðskiptahætti heldur er mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki, lagt í hendur samkeppnisyfirlvalda og dómstóla. Sökum þessa geta stjórnendur fyrirtækja ekki vitað fyrirfram í öllum tilvikum hvort hegðun þeirra brýtur í bága við 20. gr. samkeppnislaga. Því er sú leið farin í samkeppnislögum að aðgerðir fyrirtækja sem taldar eru brjóta í bága við umræddar siðareglur geta ekki leitt til viðurlaga heldur aðeins til þess að bann verði lagt við því að þeim sé haldið áfram. Sé bann hins vegar brotið er heimilt að beita viðurlögum. Þrátt fyrir að útilokað hafi verið talið að tilgreina nákvæmlega í lögum hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir verður að telja að með hliðsjón af almennum siðferðislegum gildum samfélagsins viti stjórnendur fyrirtækja í meginþorra tilvika hvað er siðferðislega verjandi í viðskiptum og hvað ekki. Þannig má ljóst vera að viðskiptaaðferðir sem eru sýnilega óheiðarlegar, ósanngjarnar eða villandi gagnvart keppinautum eða neytendum eru andstæðar samkeppnislögum.

Af gögnum málsins má ráða að Íspakki hafi verið ljóst þegar fyrirtækið tók við umbúðunum frá hinum bandaríska framleiðanda að þau mistök hafi orðið í framleiðslunni að merki hins þýska fyrirtækis RESY og viðskiptanúmer Kassagerðarinnar höfðu verið prentuð á umbúðirnar. Engu að síður hafi fyrirtækið ákveðið að selja kassana til Sjólastöðvarinnar. Að mati Samkeppnisstofnunar er sú ákvörðun ámælisverð og ekki í samræmi við góða viðskiptahætti og ósanngjörn gagnvart keppinauti og þar af leiðandi ekki í samræmi við 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

3.

Umræddir kassar sem Íspakk hefur selt eru merktir þýska fyrirtækinu RESY og viðskiptamannsnúmeri Kassagerðarinnar hjá því fyrirtæki. Kassagerðin hefur gert samning við hið þýska fyrirtæki um að það taki við umbúðum Kassagerðarinnar til endurvinnslu. Er Kassagerðin krafín um gjald af RESY

fyrir þær umbúðir sem fyrirtækið endurvinnur og bera viðskiptamannsnúmer hennar. Þó svo að í gögnum málsins komi fram að kassarnir séu að mestu uppunir og því haldið fram að þeir hafi allir farið til Bandaríkjanna, má engu að síður ætla að sá möguleiki sé fyrir hendi að sala og dreifing umbúðanna geti leitt til þess að hluti þeirra endi hjá RESY fyrirtækinu í Þýskalandi sem kann að leiða til þess að fyrirtækið geri fjárkröfur á Kassagerðina fyrir endurvinnslu. Með sölu og dreifingu umbúða með umræddri merkingu, telur Samkeppnisstofnun að Íspakk hafi gefið villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Jafnframt þykir ljóst að Íspakk hefur notað auðkenni RESY án heimildar. Að mati samkeppnisráðs felur þessi háttsemi í sér brot á 25. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með innflutningi, dreifingu og sölu á umbúðum merktum þýska fyrirtækinu RESY og viðskiptamannsnúmeri Kassagerðar Reykjavíkur hf. hefur Íspakk ehf. brotið gegn 20. gr. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með heimild í 51. gr. samkeppnislaga bannar samkeppnisráð Íspakki ehf. að dreifa umbúðum og selja sem merktar eru þýska fyrirtækinu RESY og viðskiptamannsnúmeri Kassagerðar Reykjavíkur. Verði banninu ekki fylgt mun samkeppnisráð beita viðurlögum samkeppnislaga.“